

Um næma sjúkdóma.**53. gr.**

Komi hættuleg farsótt upp í hreppnum eða nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv. en í samþ. þessari felast.

Um kirkjugarða.**54. gr.**

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæði sé þurrkað með lokræsum, ef það er svo rakt, að vatn komi nokkru sinni upp í grafirnar.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en bilið sé 100 m. Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir. Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sé ofan á kistu.

Um sektir.**55. gr.**

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að íramkvæma á settum fresti nokkra þá skipun, sem heilbrigðisnefnd gefur samkvæmt henni, þá varðar það sektum, allt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, sem vanrækt hefir verið, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnað þann, sem af því leiðir til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 8. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.

SAMÞYKKT**um forkaupsrétt Patrekshrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir hreppsnefnd Patrekshrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Patrekshreppi er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum í kaup-túninu (hreppnum):

1. Lóðum og mannvirkjum verzlunar Aðalsteins P. Ólafssonar, Geirseyri, 43
nú eign Útvegsbanka Íslands hf. Reykjavík. 13. júlí
2. Lóðarspildu Jóns E. Bjarnasonar, Geirseyri.
3. Lóðarspildu Péturs A. Ólafssonar, Geirseyri.
4. Lóðarspildu Friðriks Á. Þórðarsonar, Geirseyri.
5. Lóðarspildu sama manns, svonefnt Móakotstún, Geirseyri.
6. Lóðarspildu Kaupfélags Rauðsendinga, Geirseyri.
7. Lóðarspildu Árna Helgasonar læknis, svonefnt Stekkatún.
8. Ennfremur öllum lóðum, sem landeigendur kynnu að vilja selja úr löndum sínum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1936.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

44

um ýms ákvæði, er snerta starfshögun á farþegaskipum á alþjóðasiglingaleiðum. 13. júlí

Samkvæmt lögum nr. 93, frá 3. maí 1935, um eftirlit með skipum eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um starfshögun á farþegaskipum á alþjóðasiglingaleiðum.

1. gr.

Áður en skip lætur úr höfn skal loka öllum landgönguhliðum, farm- og kolahliðum og ennfremur öllum vatnsheldum hurðum, öðrum en að ásgöngum.

Vatnsheldar hurðir í skiljum má ekki opna á ferð skipsins, nema brýn nauðsyn sé á eða þegar verið er við æfingar, en eftir hverja æfingu skal loka þeim.

Ef í aðalþverskipsskiljum skipsins eru aðrar vatnsheldar hurðir en fyrir ásgöngum í þeirri hæð, að neðri brún þeirra sé undir dýpstu hólfunarhleðslulinu, og þannig gerðar, að þeim verði lokað samtímis frá stjórnþalli, þá skal, áður en þeim er lokað á þennan hátt, gefið hljóðmerki, sem allir þekkja.

2. gr.

Ef neðri brún á ljóra, sem er milli þilfara, er undir línu, sem dregin er með súðinni jafnhliða skiljuþilfari, þannig, að lægsti punktur hennar er 1,37